

**REGLUGERÐ****um skemmtanaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.****1. gr.**

Samkvæmt lögum nr. 34 1918, sbr. lög nr. 30 1922 og lög nr. 61 1938, skal greiða í bæjarsjóð Seyðisfjarðar skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, enda sé aðgangur að þeim seldur, og þær ekki undanþegnar skatti að lögum.

**2. gr.**

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

**1. flokkur:**

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar, upplestrar og skuggamyndasýningar.

**2. flokkur:**

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

**3. gr.**

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgangseyri, og 20% af skemmtunum í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða gjaldið við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

**4. gr.**

Bæjarstjóri eða bæjarstjórn veita undanþágu frá skattgreiðslu, er sérstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

**5. gr.**

Bæjarstjórn hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún ræður sérstakan eftirlitsmann skemmtana, til að fara með þessi störf fyrir sína hönd.

**6. gr.**

Aðgang að skemmtunum má ekki selja, án þess að afhentir séu aðgöngumiðar, stimplaðir af eftirlitsmanni skemmtana, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann endurgreiði fullt andvirði þeirra.

**7. gr.**

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina. Eftirlitsmaður getur gert eftirtalin atriði að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.

- 6 2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtana-skatts af öllum hinum stimpluðu miðum.
9. jan. 3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu að skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtana-skattsstimplinum, að þeir skuli afhenda eftirlitsmanni alla þá aðgöngumiða, sem þeir taka á móti við innganginn og að þeir skuli gæta þess, að ekki sé farið í kringum reglugerð þessa, t. d. með því, að gert sé að skilyrði fyrir aðgöngu að skemmtun, að menn greiði félagsskirteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar.

## 8. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skatts af henni. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Náist ekki til forstöðumanns, ber umráðamaður húsnæðis þess eða leikvangs, þar sem skemmtun var haldin, ábyrgð á greiðslu skattsins.

## 9. gr.

Næsta virkan dag eftir að skemmtun var haldin, skal forstöðumaður hennar afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, sem stimplaðir voru, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum miðum, sem notaðir hafa verið. Jafnframt endurgreiðir eftirlitsmaður honum tryggingarfé það, sem honum kann að hafa verið gert að afhenda, sbr. 2. lið 7. gr.

## 10. gr.

Eftirlitsmaður skemmtana færir inn í sérstaka bók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Á eftir því, sem skráð er í bókina um hverja skemmtun, skal ætla nægilegt rúm til þess að innfæra þar fjölda miða þeirra, sem afhentir eru forstöðumanni til sölu, gegn kvittun hans, ritaðri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur, og að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemmtunar niður, og skal þess þá getið í bókuninni. Nú sannar forstöðumaður fyrir eftirlitsmanni á þann hátt, sem hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt ókeypiss, og er þá rétt, að ekki sé greiddur skattur af þeim miðum, ef eftirlitsmaður telur þá miða í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

## 11. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í bæjarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum. Ákveður bæjarstjórnin eftir hver áramót, hversu innheimtum skatti síðasta árs skuli varið til eflingar menningarstarfsemi í bænum.

## 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1953.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Jóhannes Eliasson.*